

**143. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 27. september
2018 og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ásgerður Þorleifsdóttir formaður, Inga María Guðmundsdóttir aðalmaður og Baldur Björnsson aðalmaður.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Verkefni atvinnu- og menningarmálanefndar - 2014110025

Umræður um atvinnumál í Ísafjarðarbæ.

Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðarstofu og Dána Jóhannsdóttir, sviðsstjóri atvinnusviðs Vestfjarðarstofu mæta til fundarins til að ræða um atvinnumál í Ísafjarðarbæ og samstarf Vestfjarðarstofu og Ísafjarðarbæjar.

Gestir

Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðarstofu - 15:00

Dána Jóhannsdóttir, sviðsstjóri atvinnusviðs Vestfjarðarstofu - 15:00

Sigríður og Dána yfirgefa fundinn kl. 15:41.

2. Stefnumótun í atvinnumálum Ísafjarðarbæjar og atvinnuþróunarsamningur Atvest - 2010080057

Atvinnumálastefna Ísafjarðarbæjar útgefin í febrúar 2014 lögð fram til umræðu og frekari úrvinnslu.

Atvinnu- og menningarmálanefnd leggur til við bæjarráð að atvinnumálastefnan verði endurskoðuð og endurgerð og gert verði ráð fyrir kostnaði vegna stefnunnar á árinu 2019.

3. Styrkir til menningarmála 2018 - 2018010012

Kynntar eru umsóknir aðila um styrk til menningarmála í haustúthlutun 2018.

Teknar eru til afgreiðslu styrkbeiðnir til menningarmála, vegna haustúthlutunar 2018. Atvinnu- og menningarmálanefnd samþykkir að úthluta menningarstyrkjum, samtals að fjárhæð kr. 750.000,- til eftirfarandi umsækjenda:

Edinborgarhúsið, Opín bók, kr. 200.000,-.

Hverdagssafnið, Skapandi skrif, kr. 250.000,- .

Háskólasetur Vestfjarða, Alþjóðlegt málþing um vestfirskar bókmenntir, kr. 250.000,-.

Björgunarsveitin Sæbjörgu, Götuveisla á Flateyri, kr. 50.000,-.

Atvinnu- og menningarmálanefnd felur bæjarritara að tilkynna styrkveitingar og skilyrða útgreiðslu því að búið sé að skila lokaskýrslu vegna fyrri verkefna styrkþega, sé um slíkt að ræða.

4. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða - 2017110020

Lagður fram tölvupóstur Magneu Garðarsdóttur f.h. Vestfjarðastofu, dagsettur 4. maí sl., þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið fjalli um og samþykki Áfangastaðaáætlun Vestfjarða.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1018. fundi sínum 28. maí sl., og vísaði til umræðu í öllum nefndum sveitarfélagsins.

Atvinnu- og menningarmálanefnd þakkar fyrir Áfangastaðaáætlun Vestfjarða, sérstaklega þar sem áætlunin er gott innlegg inn í atvinnumálastefnu Ísafjarðarbæjar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:10

Ásgerður Þorleifsdóttir

Inga María Guðmundsdóttir

Baldur Björnsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir